

# Reglugjörð

21  
20. apríl

## um viðauka til bráðabirgða við reglugjörð fyrir Brunabótafjélag Íslands frá 16. janúar 1917

Samkvæmt lögum nr. 54, 3. nóvember 1915, um stofnum Brunabótafjélags Íslands, er hjer með sett eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða.

Nú eru hús, sem virt hafa verið til brunabóta í fjelaginu fyrir 31. des. 1917, endurvirt eftir ósk vátrygða og virðingin hækkar frá því sem húsið var síðast virt, vegna þess að verð á efni og verkalaun hafa hækkað síðan eignin var trygð í fjelaginu (sbr. 64. gr. reglugerðarinnar), og getur þá framkvæmdarstjórn fjelagsins ákveðið að lækka skuli virðingar þessar, er hún telur greindar ástæður fyrir hækkun virðingarverðs breyttar, án þess að ný virðing fari fram. Slíkar lækkanir má fyrirskipa fyrir eitt hús, öll endurvirt hús í einhverjum kaupstað eða kauptúni á landinu eða öll endurvirt hús sem trygð eru í fjelaginu, þó svo að virðingarverð sje aldrei sett lægra en frumvirðingarverðið, nema sjerstök virðing fari fram í hverju tilfelli. Við slíkar lækkanir á virðingarverði, sem ákveða má oft en einu sinni, lækkar iðgjaldið í rjettu hlutfalli frá næsta gjalddaga. Ákvæði þessi eru sett til bráðabirgða og gilda fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður fyrirskipað.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 20. apríl 1918.

**Sigurður Jónsson**

Oddur Hermannsson.

# Samþykkt

22  
20. apríl

## fyrir Hólahrepp um kornforðabúr til skepnufóðurs.

Sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hefir samkvæmt lögum nr. 73, 14. nóv. 1917 gjört eftirfarandi samþykkt fyrir Hólahrepp um kornforðabúr til skepnufóðurs.

1. gr.

Kornforðabúrið er stofnað á hreppaskilafundi 16. júní 1916. Myndaðist það þannig, að skólastjóri Sigurður Sigurðsson gaf til stofnunar þess 900 kg. korns og búendur hreppsins lofuðu að gefa til þess 5 kg. korns fyrir hvert jarðarhundrað í hreppnum; svarar það til 2700 kg. fyrir allan hreppinn.

22

2. gr.

20. apríl

Tilgangur forðabúrsins er að koma í veg fyrir hættu af fódurskortí búpenings.

3. gr.

Forðabúrið er eign hreppsins. Stjórn þess hafa á hendi 3 menn, sem kosnir eru á vorhreppaskilum til þriggja ára í senn. Skal einn þeirra kosinn formaður. Kosningarrjettur og kjörgengi sje eins og um hreppsnefndarkosningu. Enginn getur skorast undan kosningu, nema sá, sem búinn er að vera þrjú ár samfleytt í forðabúrsstjórninni.

4. gr.

Stjórn forðabúrsins í samráði við hreppsnefnd lánar hreppsbúum korn úr forðabúrinu eftir því sem ástæður eru til. Sá, sem slíkt lán fær, greiðir, um leið og hann fær heimild fyrir láninu 2 aura fyrir hvert kg. korns. Gjald þetta gangi til aukningar forðabúrsins. Fær gjaldandi það eigi endurgreitt, þó hann taki eigi kornlánið.

5. gr.

Á vorhreppaskilafundi skal ákveðið hve mikinn kornforða búrið skuli eiga það fardagaár sem þá er að byrja.

6. gr.

Kornlán öll úr forðabúrinu skulu borguð innan loka októbermánaðar. Korn það, sem ekki er lánað að vorinu, skal endurnýja að sumrinu eftir því sem þörf gerist. Hreppsbúar skifta um kornið ókeypis eftir samkomulagi, ella eftir niðurfjöfnun stjórnarnefndar.

7. gr.

Reikningsár forðabúrsins er frá 1. ágúst til 31. júlí næsta almanaksár. Fyrir 15. ágúst, semur formaður reikning yfir tekjur og gjöld forðabúrsins. Skal sá reikningur endurskoðaður af tveim mönnum sem hreppsbúar kjósa til þess. Reikningurinn skal síðan lagður fram ásamt fylgiskjölum á hausthreppaskilum, hreppsbúum til athugunar. Að öðru leyti hefir hreppsnefnd eftirlit með rekstri forðabúrsins, og sjer um að samþykkt þessari sje fylgt í framkvæmdinni.

8. gr.

Stjórnarnefnd forðabúrsins getur, — ef ástæða þykir til — tryggt hreppnum aukinn kornforða með því að semja við kaupfjelag eða kaupmann, um að hafa fyrirbyggjandi ákveðinn kornforða á tímabilinu frá 1. janúar til maímánaðarloka, til ráðstöfunar í hreppnum. Í samningnum skal kostnaður við geymslu forðans og ábyrgð nákvæmlega tiltekinn; greiðist hann af sveitarsjóði, jafnframt öðrum kostnaði er rekstur forðabúrsins hefir í för með sjer; sbr. þó 9. gr. laga nr. 73, 14. nóv. 1917.

## 9. gr.

Árlega skal stjórn forðabúrsins senda sýslunefnd fyrir aðalfund skýrslur og reikninga forðabúrsins.

22  
20. apríl

## 10. gr.

Ef forðabúrið er lagt niður, falla eignir þess óskiftar til sveitarsjóðs.

## 11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 2—20 kr. er renna til kornforðabúrsins.

Samþykkt þessi staðfestist hjer með samkvæmt framangreindum lögum og öðlast gildi 1. júní 1918.

Í stjórnarráði Íslands, 20. apríl 1918.

**Sigurður Jónsson.**

Oddur Hermannsson.

## Reglugjörð

23  
22. apríl

um ráðstafanir til að tryggja verslun landsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins, eru hjer með sett eftirfarandi fyrirmæli.

## 1. gr.

Meðan samningar standa nú yfir milli Bretastjórnar og sendimanna landsstjórnarinnar íslensku um verðlag á íslenskum afurðum árið 1918, er bannað að selja til útlanda eða gjöra samninga um sölu til útlanda á íslenskum afurðum, sem framleiddar hafa verið eða framleiddar verða á yfirstandandi ári.